



Farvegur á Cerberus Palus svæðinu

ESP_032066_1860



HIGH RESOLUTION IMAGING
SCIENCE EXPERIMENT
UAHIRISE.ORG/IS



Á þessari mynd sjást endirmörk lítills farvegs skammt frá Athabasca Valles á Mars. Athabasca er dæmi um árfarveg á Mars, líklega myndaður við mikið grunnvatnsflóð. Nú er farvegurinn hins vegar þakinn þunnu hrauni sem rann niður farveginn í kjölfar mikils eldgoss. Sama hraun hefur líka þakið þennan smærri farveg. Upphaflega gæti vatn hafa sorfið hann en hraun hafi síðan lagst ofan á og vatnið að hlutat il þornað upp, eða að glóandi hraun hafi grafið sitt hratt ofan í yfirborðið. Hver sú sem raunin er, þá myndaðist farvegurinn hér vegna hryggsins sem liggur yfir myndina. Um leið og vövi náði upp að toppi þessa hryggjar, einskorðaðist straumurinn við hann og svarf dýpri farveg.